

# Jafnréttisstefna Fylkis

1. Íþróttafélagið Fylkir leggur mikla áherslu á að allir eigi jafnan rétt til þátttöku í íþróttum hjá félaginu og fordæmir fordóma af öllu tagi.
2. Fordómar eru þegar einhver er áreittur, útilokaður, sniðgenginn eða mismunað vegna útlits, uppruna, kynþáttar, litarháttar, kynferðis, kynhneigðar, skoðana, trúar, fötlunar, efnahags eða annarra aðstæðna.
3. Félagið beinir því til starfsmanna og þjálfara félagsins að uppfræða iðkendur um að allir hafi jafnan rétt og að þjálfarar ræði við iðkendur um líðan þeirra.
4. Einnig skal þjálfari fylgjast vel með samskiptum iðkenda sín á milli og grípa inn í telji hann að um fordóma / einelti sé að ræða. Í því sambandi er vakin athygli á eineltisstefnu félagsins þar sem fram koma leiðbeinandi reglur vakni grunur um að slíkt eigi sér stað.
5. Öll skilaboð sem sýna kynþáttafordóma skulu fjarlægð strax.
6. Félagið leggur mikla áherslu á að allir eigi sama rétt á að sækja um vinnu hjá félaginu og skulu allar umsóknir metnar með tilliti til þess.
7. Félagið leggur mikla áherslu á samskipti iðkenda við aðra iðkendur, foreldra, dómara, þjálfara, keppinauta og aðra sem koma að starfinu. Iðkendur skulu sýna heiðarleika og virðingu gagnvart öllum sem koma að starfinu.
8. Tekið er hart á öllum agabrotum sem lýsa sér í niðrandi ummælum og óíþróttamannslegri hegðun innan vallar sem utan.
9. Öll hegðun sem stríðir gegn stefnu þessari verður ekki liðin og getur leitt til brottvikningar úr félaginu og til þess að mál séu send til lögreglu.

**Vinum saman að því að gera íþróttastarfið enn betra og án fordóma.**